



Fundartími:
Fundarstaður:
Fundarstjóri:
Fundarritari:

Fimmtudaginn 28. apríl 2022, kl. 17:00
Verkfræðingahús, Engjateigi 9, 105 Reykjavík
Eiríkur Þorbjörnsson
Arnlaugur Guðmundsson

Fjöldi fundarmanna í sal: u.þ.b. 25.

Fundinum var streymt, ekki er vitað um fjölda þeirra sem þannig tóku þátt.

FUNDARGERÐ

Árni Björn Björnsson (ÁBB), framkvæmdastjóri VFÍ, tilkynnti að formaður félagsins, Svana Helen Björnsdóttir, væri erlendis á leiðinni á stjórnarfund í FEANI. Einnig veitti hann upplýsingar til þeirra sem eru á fjarfundi um hvernig þeir geti komið ábendingum og fyrirspurnum á framfæri. Þá þakkaði hann Jóhannesi Benediktssyni fyrir langt samstarf en Jóhannes lætur nú af starfi í stjórn félagsins eftir 5 ára setu. Bað hann svo koma og setja fundinn. Varaformaður félagsins, Jóhannes Benediktsson, setti fundinn. Tillaga framkvæmdastjóra um fundarstjóra, Eirík Þorbjörnsson, var samþykkt. Jóhannes gaf fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins, fór yfir boðun hans, kynningar á framboðum og kosningar lýsti fundinn löglega boðaðan og því löglegan. Tillaga hans um fundarritara, Arnlaug Guðmundsson, var samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári
2. Reikningar félagsins, þ.m.t. reikningar deilda og sjóða félagsins, fyrir undanfarandi starfsár lagðir fram til samþykkis
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Lýst kosningu stjórnar
6. Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns
7. Laun formanns og stjórnarmanna
8. Laga- og reglugerðarbreytingar
9. Önnur mál

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári

Flutt var á sýningartjaldi upptaka af formanni VFÍ, Svönu Helen Björnsdóttur, flytja ítarlega skýrslu stjórnar, sjá prentaða Ársskýrslu VFÍ fyrir starfsárið 2021-2022. Svana Helen kom víða við í skýrslunni. Fyrst ber að telja að félagið verður 110 ára á þessu ári og verður afmælinu fagnað á degi verkfræðinnar í haust en Covid faraldurinn setur enn sitt mark á starfsemi félagsins. Gerð kynningarmyndbands um sögu, samtíð og framtíð verkfræðinnar er í bígerð.

Fjárhagur félagsins og sjóða hans er mjög traustur og eru styrktarsjóðir mikilvægir bakhjarlar félagsmanna. Varðandi félagsmenn þá hefur þeim fjölgað jafnt og þétt og tengslin við nemendur í tæknifræði og verkfræði eru talsverð og stöðugt unnið að því auka þau og bæta t.d. með könnunum.

Samstarfið við háskólana tvo, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, er nokkuð traust og voru haldnir gagnlegir samráðfundir með HR. Farið var yfir reglur sem gilda um starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur en félagið er umsagnaraðili til Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um starfsheitaumsóknir og annast Menntamálanefnd félagsins það verk. Svana Helen hefur í starfi sínu sem formaður beitt sér fyrir því að könnuð verð áhrif styttingar framhaldsskólanna á háskólanám í raunvísindum.

Stjórn VFÍ skilaði á starfsárinu vönduðum umsögnum um margvísleg málefni og hefur það gefist vel að leita til sérfræðinga úr röðum félagsmanna til að koma sjónarmiðum tækni-menntaðra manna á framfæri.

Félagið tekur þátt í erlendu samstarfi, m.a. í Evrópusamtökunum FEANI og einnig í Norrænu samtökum verkfræðingafélaga, ANE. Svana Helen situr nú í stjórn FEANI.

Þá gat hún þess að væntanleg er kynning á niðurstöðum úr tölfræðilegri greiningu Hagfræðistofnunar á kjörum verkfræðinga og tæknifræðinga samanborið við aðrar háskólamenntaðar stéttir.

Hún sagði frá því að félagið hefði á degi verkfræðinnar í október 2021 veitt viðurkenninguna „Teninginn“ í fyrsta sinn fyrir framúrskarandi verkefni; Carbfix hlaut Teninginn árið 2019 fyrir aðferð til að binda koltvísýring í grjót og Controlant árið 2020 fyrir að þróun og framleiðslu á hug- og vélbúnaði sem meðal annars mælir hitastig, rakastig og staðsetningu.

Svana Helen lauk máli sínu á því að þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins og öllum þeim sem hafa starfað í stjórnnum og nefndum félagsins fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

2. Reikningar félagsins

ÁBB framkvæmdastjóri VFÍ fór yfir reikninga félagssjóðs. Tekjur umfram gjöld námu 89.426 Mkr., en rekstrartekjur voru 275.921 Mkr. Eignir 489.673 Mkr. og skuldir 40.584 Mkr.

Kristjana Kjartansdóttir, félagskjörin skoðunarmaður, skýrði frá skoðun. Fram kom að skoðunarmönnum er falið að yfirfara ársreikning til að tryggja að hann sé í samræmi við lög og reglur félagsins. Skoðunarmenn hafa yfirfarið reikninginn og hreyfingarlista og hafa ekki athugasemdir við reikninginn. Kristjana benti á að nú séu blikur á lofti vegna stríðsátaka í Úkraínu og spá um aukna verðbólgu á næstunni. Beindi hún því til stjórnar að skilgreina áhættuvilja og meta vaxtaáhættu. Að því loknu bar hún fram svohljóðandi tillögu:

„Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan og hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum því til að hann verði samþykktur.“

Fundarstjóri bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda

ÁBB fór yfir endurskoða fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2022 og lagði fram nýja áætlun fyrir 2023.

Áætlaður rekstrarafgangur félagssjóðs VFÍ árið 2022 er 33,9 Mkr. og 31,5 Mkr. árið 2023.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um fjárhagsáætlunina.

Jóhannes Benediktsson spurði hvort til stæði að fjölga starfsmönnum á skrifstofu.

ÁBB sagði það vera á áætlun en ekki væri víst að af því yrði.

ÁBB varpaði upp línuriti yfir þróun félagsgjalds VFÍ undanfarin ár miðað við fast verðlag og las svo tillögu að félagsgjöldum Verkfræðingafélags Íslands 2023:

„Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2022 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir að félagsgjöld fyrir árið 2023 verði 3.750 kr. á mánuði eða 45.000,- kr. á ári. Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillögur félagsstjórnar

Engar tillögur lágu fyrir.

5. Lýst kosningum stjórnar

Aðalstjórn:

Fyrirtækið Maskína annaðist framkvæmdir rafrænna kosningar félagsins sem fóru fram 7. til 19. apríl 2022. Fundarstjóri kynnti niðurstöður kosninga. Í kjöri til aðalstjórnar voru:

Anna Beta Gísladóttir

Alexander Jóhannuson

Ásdís Sigurðardóttir

Bæringur Árni Logason

Erlendur Örn Fjeldsted

Anna Beta Gísladóttir var kjörin meðstjórnandi og **Erlendur Örn Fjeldsted** varamaðstjórnandi, bæði til tveggja ára.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Í stjórn Kjaradeildar VFÍ voru kosin:

Gunnar Sigvaldason meðstjórnandi til tveggja ára og

Helga Helgadóttir meðstjórnandi til tveggja ára.

Lúvísá Sigurðardóttir varameðstjórnandi til tveggja ára og

Einar Halldórsson varameðstjórnandi til eins árs.

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi:

Bergþór Þormóðsson var sjálfkjörinn meðstjórnandi til tveggja ára og

Jón M. Guðmundsson var sjálfkjörinn varameðstjórnandi, til eins árs.

Spurt var um hvernig **Aðalstjórn VFÍ** væri skipuð eftir kosningarnar og er hún svona:

Svana Helen Björnsdóttir	formaður	fyrst kjörin 2019	þá til tveggja ára
Guðrún Sævarsdóttir	meðstjórnandi	fyrst kjörin 2019	þá til tveggja ára
Anna Beta Gísladóttir	meðstjórnandi	fyrst kjörin 2019	þá til eins árs
Þröstur Guðmundsson	varameðstjórnandi	fyrst valinn 2021	þá til tveggja ára
Erlendur Örn Fjeldsted	varameðstjórnandi	fyrst kjörinn 2022	til tveggja ára
Margrét Elín Sigurðardóttir	formaður Kjaradeildar		
Páll Á Jónsson	formaður Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi		

6. Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu formanns og framkvæmdastjóra VFÍ að kjöri endurskoðanda:

„Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2022 samþykkir að **reikningslegur endurskoðandi** næsta starfsárs verði:

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.“

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu formanns VFÍ að kjöri skoðunarmanna:

„Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2022 samþykkir að **félagslegir skoðunarmenn** næsta starfsárs verði:

Eysteinn Einarsson, verkfræðingur til eins árs og

Kristjana Kjartansdóttir, tæknifræðingur til eins árs.“

Tillögurnar voru **samþykktar** samhljóða.

7. Laun formanns og stjórnarmanna.

ÁBB kynnti að laun væru miðuð við félagsgjald og lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2022 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir að:

Laun formanns verði 810.000 kr. (18 * félagsgjald 2022). Auk þess fái formaður greiddar kr. 270.000 (6 * félagsgjalds 2022) fyrir stjórnarsetu í FEANI.

Laun varaformanns verði kr. 270.000 (6 * félagsgjald 2022).

Laun formanns Kjaradeildar verði kr. 540.000 (12 * félagsgjald 2022).

Laun formanns Menntamálanefndar verði kr. 720.000 (16 * félagsgjald 2022).

Aðrir stjórnarmenn aðalstjórnar, stjórnar Kjaradeildar og Deildar sjálfstætt starfandi og stjórnenda fái félagsgjald 2022 fellt niður.

Árni B Björnsson, framkvæmdastjóri.“

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

8. Laga- og reglugerðarbreytingar

Engin tillaga um laga- eða reglugerðarbreytingar lá fyrir.

9. Önnur mál.

Jóhannes Benediktsson spurði um kjarakönnunina sem Svana Helen minntist á í skýrslu stjórnar. ÁBB svaraði því til að það vantaði greiningu á launaþróun miðað við aðrar háskóla-menntaðar stéttir. Þessi könnun og úrvinnsla er mjög viðamikil og áætlað er að Hagfræðistofnun skili frumniðurstöðum bráðlega, niðurstöðurnar verða mjög áhugaverðar alveg óháð því hverjar þær verða. Það er orðið erfiðara að ná í tölulegar upplýsingar frá fyrirtækjum en áður var.

Kannanir eru gerðar á vegum BSRB og BHM en VFÍ, Hjúkrunarfræðingar, o.fl. eru fyrir utan þær þrátt fyrir að félagið hafi óskað eftir þátttöku. Hjúkrunarfræðingar, sem starfa hjá ríkinu, fá orðið hærri laun en verkfræðingar hjá ríkinu.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra félagsins orðið í fjarveru formanns. ÁBB kallaði Jóhannes Benediktsson, fyrrum varaformann félagsins, upp og afhenti honum blómvönd sem þakklæti fyrir vel unnin stjórnarstörf.

Jóhannes þakkaði fyrir sig og sagðist hvergi nærri vera hættur afskiptum af félaginu, hann væri bara búinn að sitja of lengi í stjórn skv. reglum félagsins. Hann sagði stuttlega frá nýlokinni Rýnisferð til Dubai og minntist svo á næstu ferð 2023 og loks á áætlaða ferð á World Expo 2025 í Osaka.

Fundarstjóri sleit fundi kl.18:14 og kvað ritara og fundarstjóra ganga frá fundargerðinni.

Arnlaugur Guðmundsson
ritaði fundargerð